Viðbót við stjórnandahandbók

Lift Tools™ Expo Installer

Translation of Original Instructions
First Edition
Fourth Printing
Part No. 1286259ISGT

Inngangur

Manufacturer:

Terex Global GmbH
Bleicheplatz 2
Schaffhausen, 8200
Switzerland

EU Authorized representative:

Genie Industries B.V.
Boekerman 5
4751 XK OUD GASTEL
The Netherlands

UK Authorized representative:

Genie UK Limited
The Maltings
Wharf Road
Grantham
NG31 6BH
UK

Hafðu samband við okkur:

Internet: www.genielift.com

Tölvupóstur: awp.techpub@terex.com

Mikilvægt

Lestu, skildu og hlýddu þessum öryggisreglum og notkunarleiðbeiningum áður en þú notar þessa vél. Aðeins sérþjálfað og viðurkennt starfsfólk hefur leyfi til að nota þessa vél. Líta ætti á handbók þessa sem varanlegan hluta af vélinni þinni og hún ætti alltaf að fylgja vélinni. Ef spurningar vakna skaltu hafa samband við okkur.

Samþykktar gerðir

Z-45/25	S-65
Z-45/25J	S-60HC
Z-45/25 RT	Z-60/34
Z-45/25J RT	Z-60/37DC
Z-51/30	Z-60/37FE
Z-45 XC	Z-62/40
Z-45 DC / Z-45 FE	S-40 XC
S-40	S-45 XC
S-45	S-60 XC
S-60	S-65 XC
S-60X	

⚠AÐVÖRUN Ekki setja LTEI-kerfið upp á neinum Genie-bómuvörum öðrum en tilgreindum gerðum.

Höfundarréttur © 2018 Terex Corporation

Fyrsta útgáfa: Fjórða prentun, Ágúst 2021

Genie er skrásett vörumerki Terex South Dakota, Inc. í Bandaríkjunum og fjölda annarra landa.

Þessar vélar samræmast
ANSI/SAIA A92.20
CAN/CSA B354.6

CE Uppfyllir EB tilskipun 2006/42/EB
Sjá EB-samræmisyfirlýsingu

UKCA (Öryggis)reglur um veitingu á vélbúnaði 2008

Inngangur

Leiðbeiningar fyrir sjálfknúnar Genie-bómuvörur og Lift Tools Expo Installer (LTEI)

Bakgrunnur

Færanlegir og hækkanlegir vinnupallar (Mobile Elevated Work Platforms, MEWP) eru hannaðir til að lyfta starfsfólki sem þarf að vinna í hæð. Stundum er efni einnig lyft í ákveðna hæð til uppsetningar og sýningar. Lift Tools™ Expo Installer (LTEI) er hannað til að hífa skilti í stýrðu vinnuumhverfi. Eftir því hvernig vinna er unnin er hægt að nota LTEI á pallinum til að hífa skilti á tilætlaðan stað og gera vinnuna auðveldari og skilvirkari. Í þessu skjali eru leiðbeiningar um notkun LTEI á Genie-vörum.

Í þessu skjali eru leiðbeiningar um notkun á Genie-bómum sem hífingartólum fyrir uppsetningu á sýningarskiltum innandyra.

Skilgreiningar

Hæfur aðili

„Hæfur aðili“ sem hefur, með því að hafa öðlast viðurkennda gráðu, vottorð eða stöðu innan starfsgreinarinnar, eða með yfirgripsmikilli þekkingu, þjálfun og reynslu, sýnt fram á getu sína til að leysa vandamál sem tengjast viðfangsefninu, vinnunni eða verkefninu.

Nota má sjálfknúnar Genie-bómur til hífingar samkvæmt eftirfarandi leiðbeiningum:

1 Eigandi/vinnuveitandi/notandi/stjórnandi bómunnar ber ábyrgð á því að fallvarnir séu til staðar fyrir stjórnanda bómunnar.

2 „Hæfur aðili“ sem hefur þekkingu á reglum um fallvarnir og fallvarnakerfi verður að hanna vinnusvæðið og LTEI-kerfið til að tryggja öryggi starfsfólks.

3 Genie-bómur hafa verið stöðugleikaprófaðar á jafnsléttu fyrir 240 lbs/108,9 kg skilti þar sem það sem eftir er af burðargetunni er á pallinum. Því má þyngd skiltisins ekki fara yfir 240 lbs/108,9 kg.

4 Samsetning, tenging og notkun á LTEI verður að vera samþykkt og leyfð af eiganda búnaðarins.

5 Eigandi búnaðarins og/eða verktakinn ber ábyrgð á því að gera hættugreiningu á hönnun og notkun LTEI, og tryggja að búnaðurinn uppfylli viðeigandi kröfur um heilsuvernd og öryggi á vinnustaðnum, sem og öll almenn og sértæk lög, reglugerðir og staðla varðandi notkun á búnaðinum.

6 Vinnuveitendur og stjórnendur verða að vera meðvitaðir um og gera ráð fyrir mögulegum hreyfingum pallsins bæði lóðrétt og lárétt á meðan LTEI er notað.

Inngangur

7 Bóman verður að standa á traustri jafnsléttu svo að nota megi LTEI.

8 Aðili sem hefur fengið þjálfun í notkun Genie-bómunnar skal vera á jörðu niðri nálægt stjórntækjunum á undirstöðu vélarinnar til að koma í veg fyrir óheimila notkun og til að koma í veg fyrir að vélinni sé stjórnað meðan á notkun LTEI stendur.

9 Vindhraði innandyra fer ekki yfir 0 mph/0 m/sek.

Kröfur til eiganda/vinnuveitanda/notanda /stjórnanda:

Kröfur til eiganda/vinnuveitanda/notanda /stjórnanda:

1 Stjórnendur verða að hljóta þjálfun í öruggri notkun á búnaðinum, og kynna sér sérstakar gerðir af Genie-búnaði eins og hér segir:

- Kynna sér og fara eftir notkunar- og öryggishandbókum búnaðarins, límmiðum og viðvörunum.
- Skilja allar stjórntækjaaðgerðir.
- Vera meðvitaðir um og skilja allan öryggisbúnað fyrir þann búnað sem er notaður.
- Fá leiðbeiningar um hvernig eigi að forðast hættur.

2 Fylgja öllum viðeigandi sértækum og almennum reglum, reglugerðum og stöðlum varðandi notkun á búnaðinum.

3 Búnaðurinn verður að vera í fullkomnu lagi og rétt stilltur.

Með tilliti til leiðbeininga Genie í þessu skjali samþykkir eigandi búnaðarins, vinnuveitandinn, notandinn og stjórnandinn hér með að bæta og halda Terex og móðurfyrirtæki þess og tengdum fyrirtækjum skaðlausum gegn sérhverri ábyrgð, kröfum, málsóknum, kostnaði og lögfræðikostnaði sem er af völdum, rís vegna eða er afleiðing vanrækslu eða yfirsjónar í notkun búnaðarins; ef ekki er farið eftir þeim skilyrðum sem sett eru fram í þessari handbók varðandi notkun á bómu með LTEI, öryggisreglum og notkunarleiðbeiningum í stjórnandahandbókinni. **Með því að halda áfram að nota bómu með LTEI samþykkir þú að fylgja þeim kröfum sem hér eru settar fram, þar á meðal varðandi áðurnefnt skaðleysi. Ef þú samþykkir ekki skaltu ekki halda áfram með fyrirhugaða notkun.**

Inngangur

Hætta


Misbrestur á að hlýða leiðbeiningunum og öryggisreglunum í þessari handbók mun leiða til dauða eða alvarlegra meiðsla.

Ath.:


Lifting Tools™ Expo Installer (LTEI) er aðeins leyft til notkunar á ANSI, CSA og CE mörkuðunum. Notkun er bönnuð á öllum öðrum mörkuðum.

Aðeins er hægt að nota LTEI á Genie-bómum sem útbúnar eru eftirfarandi 6 ft/1,83 m eða 8 ft/2,44 m pöllum:

- ⚠ Pallar með stöðluðum inngangi sem framleiddir voru frá janúar 2003.



- ⚠ Pallar með snúningshliði á hlið sem framleiddir voru frá ágúst 2015.




Notkun á öllum öðrum vélum er bönnuð.


Inngangur

LTEI **skal ekki** notað með vélum sem útbúnar eru eftirfarandi:


- ⚠ Töflugrind
- ⚠ Festikerfi fyrir fallvarnir á ferð
- ⚠ Snúningshliði á miðju pallsins



- ⚠ Palli með þremur inngöngum og þremur miðhandriðum sem hægt er að renna



- ⚠ Palli með þremur inngöngum og tveimur miðhandriðum og snúningshliði á miðju pallsins



⚠HÆTTA Ef LTEI er notað með ofangreindum valkostum getur það leitt til dauða eða alvarlegs líkamstjóns.

⚠ LTEI öryggi

Lesið, skiljið og fylgið öllum viðvörunum og leiðbeiningum sem fylgja LTEI.

Farið ekki umfram burðargetu pallsins. Þyngd LTEI-samsetningarinnar mun lækka hámarksburðargetu pallsins og því þarf að draga hana frá heildarálagi á pall.

LTEI-samsetningin vegur 84 lbs/38,1 kg

Gangið úr skugga um að LTEI sé kirfilega uppsett.

Þegar LTEI er tengt við skal líta á handbók þessa sem fastan hluta af vélinni og hún ætti alltaf að fylgja henni.

Inngangur


Merkingar tákna og hættumerkja




LTEI-kerfið vegur 84 lbs/38,1 kg



Lestu viðbótina, hlutanúmer 1286259.



Hætta á veltu.



Hámarksburðargeta 240 lbs/108,9 kg.

= 240 lbs/108,9 kg



Hámarksvindhraði 0 m/sek. (aðeins innandyra)

Skoðun fyrir notkun

- ☐ Vertu viss um að stjórnanda-, öryggis- og ábyrgðarhandbækur og allar nauðsynlegar viðbætur séu heilar, læsilegar og í geymsluílátinu sem staðsett er á pallinum.
- ☐ Gakktu úr skugga um að allir límmiðar séu til staðar og læsilegir.

Kannið hvort LTEI sé skemmt eða slitið, rangt sett í eða hvort íhluti vantar eða óheimilar breytingar hafi verið gerðar.

- ☐ Rær, boltar og aðrar festingar
- ☐ Sprungur í suðu eða íhlutum samsetningar.
- ☐ Dældir eða skemmdir á LTEI
- ☐ Gangið úr skugga um að trillan geti hreyfst hindrunarlaust eftir allri brautinni.
- ☐ Kannið hvort bremsur séu mjög slitnar.
- ☐ Yfirborð bremsa skal vera hreint og laust við mengun.

Skoðun límmiða

Skoðið til að tryggja að allir límmiðar séu læsilegir og til staðar. Límmiðar geta verið mismunandi eftir uppstillingu vélarinnar.

Hlutanr.	Lýsing límmiða	Magn
1286260	Límmiði – Lift Tool Expo Installer, orð	1
1286260FR	Límmiði – Lift Tool Expo Installer, orð FR	1
1286262	Límmiði – Lift Tool Expo Installer, tákn	1
1286393	Límmiði – Skreyting, Lift Tool Expo Installer	1

Inngangur

Árleg skoðun

Kannið hvort einhverja íhluti vantar eða séu lausir.

Kannið hvort allar festingar séu með réttu átaki. Upplýsingar um rétt átak er að finna leiðbeiningum um uppsetningu í þessu skjali.

Kannið hvort íhlutir eru skemmdir eða slitnir. Kannið merki um sprungur, beyglur og tæringu.

Kannið hvort suður séu sprungnar.

Kannið neðri kragana á brautinni. Ef kragarnir eru beyglaðir, skemmdir eða slitnir skal skipta um braut.

Gangið úr skugga um að trillan geti hreyfst hindrunarlaust eftir allri brautinni.

Prófið trilluna og gangið úr skugga um að hjólin snúist snurðulaust.

Gangið úr skugga um að endastopparar brautarinnar og járnvörur séu tryggar og til staðar.

Gangið úr skugga um að efni í bremsum sýni ekki merki um slit.

Notkunarleiðbeiningar



Athugið og fylgið:

- ☑ Þetta verkferli skal framkvæmt af einstaklingi sem hefur heimild til að setja upp Lift Tools™ Expo Installer.
- ☑ Merkið samstundis skemmda eða bilaða vél og taktu hana úr notkun.
- ☑ Gerið við allar skemmdir eða bilanir áður en vélin er notuð.
- ☑ Farið ekki umfram burðargetu pallsins. Samanlögð þyngd LTEI, notenda, verkfæra og annars búnaðar.
- ☑ Dragið þyngd viðhengds aukabúnaðar frá burðarþolinu.
- ☑ Þyngd LTEI og skiltis kann að takmarka hámarksfjölda einstaklinga á pallinum við einn.
- ☑ Notið ekki nema hafa hlotið nægilega þjálfun og að öll hætta sem tengist því að lyfta skiltum sé ljós.
- ☑ Valdið ekki láréttum krafti vegna skiltis sem festist eða krækist í einhverju eða hindrar með öðrum hætti eðlilega hreyfingu.Hámarksvindhraði: 0 mph/0 m/sek.
- ☑ Áður en skilti er híft skal merkja svæðið til að vara við því að starfsfólk sé við störf.
- ☑ Flytjið ekki skilti nema þeim sé jafnt dreift og einstaklingur á pallinum geti meðhöndlað þau á öruggan hátt.
- ☑ Gangið úr skugga um að leiðin sem skiltið á að fara sé laus við allar hættur, eins og geymsluhillur, vinnupalla, hindranir í lofti og rafmagnsvíra.
- ☑ Allar hreyfingar hlassins verða að vera sem hægastar til að koma í veg fyrir að það sveiflist til.
- ☑ Notið aðeins festingar sem þola viðbúið álag til að festa hlassið. Notið ekki slitnar festingar. Fjarlægið ávallt allar festingar áður en hangandi hlass er staðsett.
- ☑ Aðeins má hífa hlass lóðrétt; ekki má toga í hlassið lárétt þar sem það gæti valdið því að hlassið sveiflist of mikið til.
- ☑ Finnið rétta lyftipunkta á hlassinu, og hafið í huga þyngdarpunkt og stöðugleika hlassins.

Notkunarleiðbeiningar

☑ Gangið úr skugga um að stjórnandinn haldi hlassinu lóðréttu undir lyftipunktinum.Breytið ekki lengd hífingareiningarinnar við hreyfingar eða hífingu.

☑ Expo Installer er ekki persónulegt fallvarnakerfi. Þetta tæki er ekki með lanyard-festipunkt.

☑ Gangið úr skugga um að bremsan sé á þegar handfanginu er sleppt.

⚠ AÐVÖRUN Hætta á veltu. Hlass sem sveiflast eykur mjög hangandi þyngd.

Ath.: Framkvæmið þessa aðgerð á traustu og jöfnu yfirborði með vélina í geymslustöðu.

⚠ Hætta vegna hangandi hlass

Öryggi á vinnusvæði

Almennt öryggi

Hífið ekki hangandi hlass án þess að skilja fyrst almennar og sértækar reglur, staðla og reglugerðir sem því tengjast. Viðbótarþjálfunar kann að vera þörf.

Lesið, skiljið og fylgið öllum viðvörunum og leiðbeiningum sem fylgja viðhenginu sem er samþykkt fyrir hífingu á hlassi.

Hætta á veltu



Látið hlassið ekki sveiflast til.

Ekki nota þetta verkfæri til að lyfta fólki. Það er aðeins ætlað til að lyfta efni.

Hafið bómuna eins mikið inndregna og mögulegt er.

Lyftið ekki hangandi hlassi þegar vindhraði getur gert aðstæður óöruggar.

Allar hreyfingar hlassins verða að vera sem hægastar til að koma í veg fyrir að það sveiflist til.

Dragið aldrei eða togið hlass til hliðar.

Notkunarleiðbeiningar

Aðeins má hífa hlass lóðrétt; ekki má toga í hlassið lárétt þar sem það gæti valdið því að hlassið sveiflist of mikið til. Þyngd allra festinga (stroffur, hlekkir o.s.frv.) telur sem hluti af þyngd hlassins.

⚠ AÐVÖRUN Hætta á veltu . Þyngd LTEI-samsetningarinnar og álagið á LTEI mun minnka burðargetu palls vélarinnar og því þarf að reikna það inn í heildarálag á pall.

⚠ AÐVÖRUN Hætta á veltu . Þyngd LTEI-samsetningarinnar og álagið á LTEI kann að takmarka þann fjölda starfsmanna sem pallurinn getur borið.

Finnið rétta lyftipunkta á hlassinu, og hafið í huga þyngdarpunkt og stöðugleika hlassins.

Ekki reyna að færa fast hlass eða hlass sem hindrun er fyrir.

Ekki skilja Genie-bómuna eftir eftirlitslausa með hangandi hlass.

Hafið bómuna og hlassið eins lágt niðri og mögulegt er án þess að það skerði útsýni í þá átt sem farið er.

Hámarksburðargeta LTEI er 240 lbs/108,9 kg.

LTEI-samsetningin vegur 84 lbs/38,1 kg

Farið ekki yfir gönguhraða (0,7 mph/1,1 km/klst.) með hangandi hlass.

Farið af stað, akið, beygið og stöðvið rólega til að koma í veg fyrir að hlassið verði óstöðugt eða sveiflist til.

Notið engar stýringar til að breyta staðsetningu hlassins á ferð. Stöðvið ferðina algerlega, hægt og rólega, áður en reynt er að breyta staðsetningu hlassins.

Ekki reyna að fara þvert yfir halla þar sem þyngdarmiðja hlassins mun færast í átt að veltulínunni, og þar með minnka stöðugleika.

Farið afar gætilega upp eða niður halla þar sem þyngdarmiðja hlassins mun færast í átt að veltulínunni, og þar með minnka stöðugleika.

Leiðbeiningar um uppsetningu

Áður en uppsetning er hafin

☑ Lesið, skiljið og fylgið öryggisreglunum og notkunarleiðbeiningunum í viðeigandi Genie-stjórnandahandbókum og viðbótum.

☑ Gangið úr skugga um að öll nauðsynleg verkfæri og varahlutir séu tiltækir og tilbúnir til notkunar.

☑ Lesið þetta verkferli vandlega og fylgið leiðbeiningunum. Það getur skapað hættulegar aðstæður að stytta sér leið.

Athugasemdir:

- Mælt er með að nýr festibúnaður sé notaður við hverja nýja uppsetningu á LTEI, þar á meðal ef LTEI er sett upp að nýju á sömu vél. Hægt er að fá nýjar járnvörur (Genie hlutanr. 1260849) hjá varahlutadeild Genie.
- Sjá uppsetningarleiðbeiningar á myndasíðunni.

Innihald setts 1285719

Til notkunar með 6 ft/1,83 m pöllum með límmiðum með orðum.

Lýsing hlutar	Genie-hlutanr.	Magn
(1) Bilskífa	1256481	8
(2) Skrúfa, 3/8-16 x 2,5 **	1256856	8
(3) Kragaró, 3/8-16**	1274322	8
(4) Handbók, viðbót	1286259	1
(5) Innri hanki	1286621	2

Íhlutir *1285720

Lýsing hlutar	Genie-hlutanr.	Magn
(6) Límmiði, hámarksburðargeta LTEI, orð	1286260	1
(7) Límmiði, hámarksvindhraði LTEI, orð	1286261	1
(8) Endastöðurofi	1260892	2
(9) Gúmmístuðari	36388	2
(10) Skrúfa, 1/2-13 x 3,5 ***	1256851	2
(11) Kragaró, 1/2-13 ***	1251997	2
(12) Límmiði, skreyting, Lift Tools™ Expo Installer	1286393	1
(13) Suðulögn	1286620	1
(14) Trilla*	1285721	1

* Neðri íhlutir p/n 1285721

(a) 1289692	Handfang	1
(b) 1289693	Bremsuklossi	1
(c) 1285730	Gormur	2

** Tog að 44 fet-pund/60 Nm

*** Herðið vel. Herðið ekki of mikið því þá gæti brautin skemmst.

Leiðbeiningar um uppsetningu

Innihald setts 1286618

Til notkunar með 6 ft/1,83 m pöllum með límmiðum með táknum.

Lýsing hlutar	Genie-hlutanr.	Magn
(1) Bilskífa	1256481	8
(2) Skrúfa, 3/8-16 x 2,5 **	1256856	8
(3) Kragaró, 3/8-16**	1274322	8
(4) Handbók, viðbót	1286259	1
(5) Innri hanki	1286621	2

Íhlutir *1286619

Lýsing hlutar	Genie-hlutanr.	Magn
(6) Límmiði, hámarksburðargeta LTEI, tákn	1286262	1
(7) Límmiði, hámarksvindhraði LTEI, tákn	1286263	1
(8) Endastöðurofi	1260892	2
(9) Gúmmístuðari	36388	2
(10) Skrúfa, 1/2-13 x 3,5 ***	1256851	2
(11) Kragaró, 1/2-13 ***	1251997	2
(12) Límmiði, skreyting, Lift Tools™ Expo Installer	1286393	1
(13) Suðulögn	1286620	1
(14) Trilla*	1285721	1

* Neðri íhlutir p/n 1285721

(a) 1289692	Handfang	1
(b) 1289693	Bremsuklossi	1
(c) 1285730	Gormur	2

** Tog að 44 fet-pund/60 Nm

*** Herðið vel. Herðið ekki of mikið því þá gæti brautin skemmst.

Innihald setts 1288801

Til notkunar með 8 ft/2,44 m pöllum með límmiðum með orðum.

Lýsing hlutar	Genie-hlutanr.	Magn
(1) Bilskífa	1256481	8
(2) Skrúfa, 3/8-16 x 2,5 **	1256856	8
(3) Kragaró, 3/8-16**	1274322	8
(4) Handbók, viðbót	1286259	1
(5) Innri hanki	1286621	2

Íhlutir *1288802

Lýsing hlutar	Genie-hlutanr.	Magn
(6) Límmiði, hámarksburðargeta LTEI, orð	1286260	1
(7) Límmiði, hámarksvindhraði LTEI, orð	1286261	1
(8) Endastöðurofi	1260892	2
(9) Gúmmístuðari	36388	2
(10) Skrúfa, 1/2-13 x 3,5 ***	1256851	2
(11) Kragaró, 1/2-13 ***	1251997	2
(12) Límmiði, skreyting, Lift Tools™ Expo Installer	1286393	1
(13) Suðulögn	1286620	1
(14) Trilla*	1285721	1

* Neðri íhlutir p/n 1285721

(a) 1289692	Handfang	1
(b) 1289693	Bremsuklossi	1
(c) 1285730	Gormur	2

** Tog að 44 fet-pund/60 Nm

*** Herðið vel. Herðið ekki of mikið því þá gæti brautin skemmst.

Leiðbeiningar um uppsetningu

Innihald setts 1288803

Til notkunar með 8 ft/2,44 m pöllum með límmiðum með táknum.

Lýsing hlutar	Genie-hlutanr.	Magn
(1) Bilskífa	1256481	8
(2) Skrúfa, 3/8-16 x 2,5 **	1256856	8
(3) Kragaró, 3/8-16**	1274322	8
(4) Handbók, viðbót	1286259	1
(5) Innri hanki	1286621	2

Íhlutir *1288804

Lýsing hlutar	Genie-hlutanr.	Magn
(6) Límmiði, hámarksburðargeta LTEI, tákn	1286262	1
(7) Límmiði, hámarksvindhraði LTEI, tákn	1286263	1
(8) Endastöðurofi	1260892	2
(9) Gúmmístuðari	36388	2
(10) Skrúfa, 1/2-13 x 3,5 ***	1256851	2
(11) Kragaró, 1/2-13 ***	1251997	2
(12) Límmiði, skreyting, Lift Tools™ Expo Installer	1286393	1
(13) Suðulögn	1286620	1
(14) Trilla*	1285721	1


* Neðri íhlutir p/n 1285721

(a) 1289692	Handfang	1
(b) 1289693	Bremsuklossi	1
(c) 1285730	Gormur	2

** Tog að 44 fet-pund/60 Nm

*** Herðið vel. Herðið ekki of mikið því þá gæti brautin skemmst.

Leiðbeiningar um uppsetningu



Dreift af:

www.genielift.com